# Fréttapíp

Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 1 Febrúar/Mars - 2014


# Félag pípulagningameistara – Kraftmikið félagsstarf og fjölgun félagsmanna



*Fossháls 27, nýtt aðsetur Félags pípulagningameistara. Bláa örin sýnir innganginn að húsnæðinu, sem er á 3. hæð t.v.*

**Margir afar góðir hlutir eru að gerast hjá Félagi pípulagningameistara. Það er fjölgun í félaginu og margir ungir pípulagningameistarar eru að skila sér inn í félagið þessi misserin. Það er gleðiefni að finna fyrir því að menn sjái hag sínum betur komið með félagsaðild í Félagi pípulagningameistara. Að menn sjái að ef við stöndum saman þá verður vinnu- og efnahagsumhverfið okkar betra.**

Grundvallarstefnan hefur nefnilega ekkert breyst frá því árið 1928, að standa vörð um greinina, að standa vörð um löggildinguna sem námið og reynslan færir okkur. Þetta og svo mörg önnur mál erum við hjá Fpm að vinna í allt árið. Hér í Fréttapípinu er stiklað á stóru í því hvað við erum að fást við um þessar mundir og hvað er framundan á næstunni.

Mig langar til að koma að einu máli sem snýr beint að hag stéttarinnar en það er kjarasamningurinn sem undirritaður var í janúar og samþykktur nú í febrúar milli Fpm og FIT. Með þessum samningi er launatafla faglærðs pípara orðin hæsta ráðandi launataflan innan byggingageirans, sem gerir faggreinina pípulagnir einn áhugaverðasta námskostinn fyrir þá sem eru að huga að iðnámi.

Þetta hefur einnig í för með sér, að þeir sem ekki eru í Félagi pípulagningameistara standa utan við þessa samninga og eru þessvegna ekki að berjast um besta mannskapinn líkt og félagsmenn.

Nú þegar byggingamarkaðurinn er að vakna til lífsins og verkefnin að aukast þá er gríðarlega mikilvægt að við sýnum það að við höfum eitthvað lært af hruninu. Flytjum ekki inn hóp af mönnum sem halda niðri launum og verðum. Byggjum upp stéttina af fagmönnum, sem viðhalda fagmennsku og áreiðanleika sem löggiltur pípulagningameistari vill standa fyrir.

*Með góðri félagskveðju,*
Guðmundur Páll Ólafsson,
*form. Félags pípulagningameistara.*




## Félag pípulagningameistara í nýtt húsnæði á Fossháls 27

Skrifstofa Fpm er flutt úr Skipholti 70 að Fosshálsi 27, 3. hæð t.v. (sjá mynd að ofan).

Við flutningana kom í ljós gríðarlegt magn af skjölum, allt frá 1928, sem tengjast sögu Félags pípulagningameistara. Stjórninni fannst ekki þörf á að fylla nýja húsnæðið með þessum skjölum.

Í samstarfi við minjanefnd Fpm var því ákveðið að afhenda samtals 15 kassa af skjölum niður á Borgarskjalasafn. Þar verða svo skjölin flokkuð og geymd fyrir félagið.

Þeir sem tóku við skjölunum fannst mikill fengur að og um hreinan fjársjóð að ræða þar sem skjölin segja sögu Félags pípulagningameistara frá upphafi.



*Það var tekið á því við flutningana úr Skipholtinu. T.v. er Guðmundur Páll, formaður Fpm, t.h. er Kjartan Jónsson, svo glittir í Böðvar aftast. Myndin til hliðar; allt á rúi og stúi, en Böðvar verður samt að sinna viðskiptunum...*


**MORGUNKAFFI OG MEÐ ÞVÍ ALLA FÖSTUDAGA!**

Við bjóðum alla fagmenn velkomna í rjúkandi heitt kaffi, gómsætt meðlæti og létt spjall við sölumenn okkar.

**ALLA FÖSTUDAGA í eftirtöldum verslunum:**

**kl. 8:30-10:00 í Húsasmiðjunni Grafarholti & Hafnarfirði**
**kl. 9:00-10:30 í Húsamiðjunni Selfossi & Akureyri**



FAGMANNA KLÚBBUR
...meira fyrir fagmenn!





## Aðalfundur og Árshátíð

Aðalfundur og Árshátíð Félags pípulagningameistara fer fram 15. mars 2014 í Reykjanesbæ.
Gist verður á Hótel Keflavík, sem er glæsilegt fjögurra stjörnu hótel í miðbæ Reykjanesbæjar.
Nýbúið er að endurnýja allt hótelið og er það sem nýtt (sjá nánar um hótelið á www.hotelkeflavik.is).
Verðskrá: Eins manns herbergi kr. 10.800 á mann.
Tveggja manna herbergi kr. 12.800 fyrir hjón.
Aðalfundurinn verður á Hótel Keflavík og síðan verður Árshátíðin haldin á Ránni

## Nýir kjarasamningar

Nýir kjarasamningar hafa verið samþykktir. Rauðir dagar færðir inn +2,8 % launahækkun. Þetta þýðir að sveinar í vinnu hjá félagsmanni í Fpm er með hæstu ráðandi launatöfluna innan byggingargeirans. Þetta tryggir félagsmönnum besta mögulega mannskapinn til framtíðar.

## Íslandsmót verk- og iðngreina 2014



Árlegt Íslandsmót verk- og iðngreina verður haldið dagana 6.-8. mars 2014 í Kórnum í Kópavogi. Félag pípulagningameistara, ásamt FIT tekur að sér að sjá um keppnina í pípulögnum. Félag pípulagningameistara mun m.a. standa að útgáfu á veglegann kynningarbæklingi með nemunum fjórum sem keppa á Íslandsmótinu 2014.
Á myndinni hér að ofan eru nemarnir fjórir sem keppa að þessu sinni, ásamt kennara og þjálfara. Talið frá vinstri: Reynir Óskarsson, nemi, Guðni Leifur Friðriksson, nemi, Böðvar Ingi Guðbjartsson, pípulagningameistari, kennari og þjálfari, Jakob Fannar Magnúson, nemi, Arnar Geir Gestson, nemi og Gunnar Ásgeir Sigurjónsson, pípulagningameistari og kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði.
Nánari upplýsingar um keppnina má fá á: www.skillsiceland.is.

## Ný og endurbætt heimasíða Félags pípulagningameistara er nú komin í loftið

Nú er búið að taka heimasíðu félagsins til kostanna og hreinlega endurnýja hana og færa til betra horfs. Eins og félagsmenn munu komast að raun um við nánari skoðun, þá er eitt og annað smálegt sem eftir er að skila sér inn á síðuna, en það mun koma innan skamms. Við viljum hvetja félagsmenn Fpm til að kíkja inn á heimasíðuna og gefa álit sitt á henni í gegnum: piparinn@piparinn.is og hiti@piparinn.is.







# Í SAMSTARFI VIÐ FAGMENN

Gæði, þjónusta, ábyrgð – það er Tengi

**Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is

TENGI














# Pípulagningameistarar á hressilegu þorrablóti í boði Lagnalagersins

Veglegt Þorrablót var haldið í boði Lagnalagersins 7. febrúar s.l. Eins og sést á meðfylgjandi myndum skemmtu menn sér hið besta og nutu veglegra veitinga í mat og drykk. Ýmislegt var til skemmtunar og m.a. voru sýndar á myndvarpa gamlar myndir úr starfi Fpm.














## Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-, snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.

Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.

Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður.

Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Danfoss

# Stöndum saman – Tryggjum fagmennsku og löggildingu í íslenskum byggingariðnaði


**Árni Friðbjarnason ehf.**
Pípulagningameistari
Smiðjuvegi 4
200 Kópavogi
GSM. 893 0938

**Pípulagnir**
**Elvars G Kristinssonar ehf.**
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM. 892 9421
ellipip@simnet.is

STOFNLAGNIR
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf. - Viðarrima 19 - 112 Reykjavík
GSM. 660 0499 - WC@islandia.is

GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

króm og hvítt
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

HÚSA LAGNIR
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
**Húsalagnir ehf.**
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 - 112 Reykjavík
GSM. 893 3632
husalagnir@simnet.is

TOPPLAGNIR
Topplagnir ehf. - Gvendargeisli 68 - 13 Reykjavík
GSM.698 8412 - topplagnir@internet.is

Bragi Benediktsson ehf.
pípulagnir
Bragi Benediktsson ehf. - Akurhvarf 6 - 203 Kópavogur
GSM. 660 3863 - bbpipur@gmail.com

AH PÍPULAGNIR
**AH pípulagnir ehf.**
Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ
Sími 555 7012 - GSM. 822 7100
andres@pipulagnir.is

**Tröllalagnir ehf.**
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

**Pípulögn sf.**
Miðhúsum 27 - 112 Reykjavík
Gsm. 897 1373 - pipulogn@simnet.is

FLÆÐI
Pípulagnir ehf.
MAGNÚS Á. MAGNÚSSON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
**Flæði pípulagnir ehf.**
Svæði - 620 Dalvík
466 1401 / 898 5524
maggisvaedi@simnet.is

MIÐSTÖÐIN
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar - Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

Öll alhliða pípulagningarþjónusta
Fagmennska í fyrirrúmi
PÍPULAGNIR
**SHV Pípulagnir ehf.**
Funafold 54 - 112 Reykjavík
Sími. 587 8715 - GSM. 821 1040
shv.pipulagnir@internet.is

**Borgarlagnir ehf.**
Gylfaflöt 24 - 112 Reykjavík
GSM. 892 7558 - borgarlagnir@simnet.is
Borgarlagnir ehf

**JM pípulagnir ehf.**
Blásalir 24 - 201 Kópavogur
GSM. 898 0851 - groakors@simnet.is

**HITAGJAFINN pípulagnir**
Engihjalla 19 - 200 Kópavogi - GSM. 897 2230
steinarthor@simnet.is

lagnaafl
Lagnaafl ehf. - Álfkonuhvarf 29 - 203 Kópavogi
GSM. 856 5525 - hjolli@morgan.is

**SUÐURLAGNIR ehf.**
Pípulagningaverktaki
GSM. 770 0818 - sudurlagnir@gmail.com
*Við leggjum leiðina*

**Lagnalist ehf.**
Skógarási 6 - 110 Reykjavík - GSM. 898 4780
lagnalist@gmail.com

**Pípulagnir Arinbjarnar**
Þrymsölum 1 - 201 Kópavogur
GSM. 897 5599 - 203 Kópavogur
a.snorra@gmail.com

S.O.S lagnir ehf.
S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík
GSM. 693 9000 - sos@soslagnir.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
Lagnaverslun
Sími 515 4040
lagnadeild@byko.is



# Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS

- NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
- NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR
- TÖLVUNÁMSKEIÐ
- TÖLVUSTUDD HÖNNUN
- HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
- BÍLGREINASVIÐ
- BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
- MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
- MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
- PRENTTÆKNISVIÐ

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is